

Ársskýrsla 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVERKANEFND

Efnisyfirlit



Skipan Hugverkanefndar og aðrir starfsmenn.....	4
Hagnýting rannsókna.....	5
Uppfinningar.....	6
Sprotafyrirtæki.....	9
Önnur verkefni.....	10
Samstarf.....	12
Fjármál.....	15

Skipan Hugverkanefndar og aðrir starfsmenn

Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala starfaði með hefðbundnu sniði árið 2014. Í október tók Kristinn Andersen, prófessor og deildarforseti í Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, við formennsku í Hugverkanefnd, af Kristjáni Leóssyni Ph.D, Raunvísindastofnun, sem er í leyfi frá störfum. Aðrir skipaðir nefndarmenn eru Sigríður Ólafsdóttir Ph.D, sviðsstjóri eftirlitssviðs Lyfjastofnunar og Torfi Magnússon, læknir á Landspítala. Fastir fundir nefndarinnar voru átta talsins.

Hugverkanefnd var með starfsaðstöðu hjá vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands auk þess sem sviðið sá nefndinni fyrir ritara sem annaðist dagleg störf nefndarinnar og starfsmanni sem m.a. veitti sérfræðiþjónustu við afgreiðslu erinda nefndarinnar. Með nefndinni störfuðu Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands og Sigurður Guðmundsson, starfsmaður vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands. Ritari nefndarinnar er Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands.

Hugverkanefnd starfar á grundvelli erindisbréfs og starfsreglna sem samþykkt voru í febrúar 2013 af háskólaráði og forstjóra Landspítala.

Hagnýting rannsókna

Háskóli Íslands og Landspítali leggja mikla áherslu á að sú vinna sem fer fram innan stofnananna sé hagnýtt í þágu samfélagsins og er það hlutverk Hugverkanefndar að stuðla að þeirri hagnýtingu. Auk þess ber Hugverkanefnd að koma að ákvörðunum um skiptingu arðs og hvetja til áframhaldandi rannsókna og hagnýtingar þeirra til góðs fyrir samfélagið í heild. Hagnýting getur verið fólgin í því að veitt sé nytjaleyfi á uppfinningu/nýjung, uppfinning/nýjung sé seld, fyrirtæki sé stofnað eða farið sé í samstarf um hagnýtingu rannsókna.

Hugverkanefnd bárust fjögur ný erindi árið 2014. Nefndin ákvað að öðlast rétt til einnar uppfinningar á grundvelli laga nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna og var einkaleyfisumsókn á uppfinningunni lögð inn hér á landi í maí. Hugverkanefnd gaf eftir rétt á einni uppfinningu sem nefndin mat að erfitt kynni að vera að vernda með einkaleyfi. Þá voru tvær uppfinningar til umfjöllunar hjá nefndinni í lok árs.



Uppfinningar

Þegar Hugverkanefnd berst tilkynning frá starfsmanni skoðar nefndin hvort unnt sé að vernda uppfinningu/nýjung með einkaleyfi eða öðrum skráðum hugverkaréttindum með það að markmiði að þriðji aðili hagnýti viðkomandi uppfinningu/nýjung með kaupum eða nytjaleyfi. Jafnframt getur Hugverkanefnd ákveðið að fara í samstarfsverkefni með fyrirtæki, einstaklingi eða háskóla sem hefur þá sérfræðipækkingu og það bolmagn sem þörf er á. Slíkt samstarf getur leitt til nytjaleyfissamnings, stofnunar sprotafyrirtækis eða varanlegs viðskiptasambands. Þess má geta að í stefnu Háskóla Íslands 2011-2016 er tilgreint að fjöldi samstarfs- og þróunarverkefna með aðilum úr atvinnu- og þjóðlífi, einkaleyfaumsókna og veittra einkaleyfa, auk annarrar hagnýtingar rannsóknaverkefna, séu meðal lykilmælikvarða við mat á árangri af stefnu skólans.

Á árinu 2014 hafði Hugverkanefnd aðkomu að fimm verkefnum er varða hagnýtingu uppfinninga. Það eru verkefni „frásogshvati“ og „mónókaprín“ sem eru frá árinu 2007, „efnahvatar til að framleiða ammóníak“ og „meðferð gegn blásýrueitrun“ frá árinu 2013, auk eins verkefnis sem barst árið 2014. Í öllum tilvikum er um að ræða einkaleyfishæfar uppfinningar og hafa umsóknir um einkaleyfi verið lagðar inn. Aðkoma Hugverkanefndar er mismunandi eftir eðli og stöðu verkefna.

Á næstu síðum er umfjöllun um þau verkefni sem Hugverkanefnd hafði aðkomu að á árinu 2014.



Frásogshvati - Nytjaleyfissamningur

Hugverkanefnd fær tekjur af einum leyfissamningi sem byggir á einkaleyfi Sveinbjörns Gizurarsonar, prófessors í Lyfjafræðideild, á nýjum frásogshvata sem nýtanlegur er á slímhimnur, t.d. í nefi. Uppfinning Sveinbjörns liggur í því að flogaveikilyf er gefið sjúklingum sem fá raðflogaveikiköst með nefúða í stað stungulyfs. Upsher-Smith er með lyfið í klínískum prófunum í fasa III í 10 löndum. Á árinu var áfram unnið að hagnýtingu uppfinningarinnar fyrir önnur lyf og er Hugverkanefnd ásamt Sveinbirni í samskiptum við sænskan fjárfesti sem hefur sýnt verkefninu og stofnun sprotafyrirtækis áhuga.

Mónókaprín

Hugverkanefnd vann á árinu að hagnýtingu uppfinningar Dr. Halldórs Þormars og samstarfsmanna hans, Hilmars Hilmarssonar og Guðmundar Bergssonar, en þeir hafa þróað aðferð við að framleiða vatnsblandanlegt mónókaprínfleyti. Lyfið drepur bakteríur sem valda sýkingum í fólki, t.d. listeríu, kampýlóbakter, salmónellu, stafýlókokka og kólíbakteríur. Mónókaprín er örverudrepani fituefni sem er einkum unnið úr kókósolíu. Öll efni í fleytinu hafa E-númer og eru viðurkennd sem fæðuaukaefni í unna matvöru, svo sem reyktan lax. Í október fór starfsmaður Hugverkanefndar á fund framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Brussel til að ræða framgang umsóknar um að heimila notkun á fleytinu á kjúklingi en þetta er annar fundur nefndarinnar með framkvæmdastjórninni. Í byrjun næsta árs verður erindið lagt fyrir vinnuhóp Evrópusambandsins í annað sinn. Hugverkanefnd hefur fengið veitt evrópskt einkaleyfi á uppfinningunni sem staðfest er í Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Írlandi, Póllandi og Spáni.

Sprotafyrirtæki

Meðferð gegn blásýrueitrun

Sigríður Guðrún Suman, dósent við Raunvísindadeild, hefur þróað virkt mótefni við blásýrueitrun sem sett er í lyfjapenna, en þannig má bæði auðvelda og flýta verulega fyrir meðferð þeirra sem verða fyrir slíkri eitrun í bruna, slysum í iðnaði eða efnahernaði. Í dag er ekki til meðferð við eitruninni sem hægt er að nota í bráðatilfellum. Hugverkanefnd lagði inn einkaleyfisumsókn hér á landi í fyrra og í september lagði nefndin inn alþjóðlega einkaleyfisumsókn á uppfinningunni. Í lok árs vann skrifstofa rektors og Hugverkanefnd að því að kynna verkefnið fyrir erlendum fjárfesti.

Efnahvatar til að framleiða ammóníak

Í júní lagði Hugverkanefnd inn einkaleyfisumsókn hér á landi á uppfinningu Egils Skúlasonar, lektors við Raunvísindadeild, sem tilkynnt var Hugverkanefnd 2013. Egill hefur þróað aðferð þar sem rafmagn eða sólarljós er nýtt til þess að breyta nitri úr andrúmsloftinu og vatni í ammóníak sem síðan má nota til áburðarframleiðslu. Í lok árs vann skrifstofa rektors og Hugverkanefnd að því að kynna verkefnið fyrir erlendum fjárfesti.

Nýtt verkefni 2014

Hugverkanefnd vann að einu nýju verkefni árið 2014 og var einkaleyfisumsókn lögð inn hér á landi í maí. Verkefnið er stutt á veg komið og verður því gerð nánari skil að ári liðnu.

Stofnun sprotafyrirtækja er vel þekkt form við hagnýtingu uppfinninga starfsmanna Háskóla Íslands og Landspítala. Í stefnu Háskóla Íslands 2011-2016 er fjöldi stofnaðra sprotafyrirtækja einn af lykilmælikvörðum til að meta árangur af stefnu skólans, eins og áður hefur verið nefnt. Þegar Hugverkanefnd kemur að stofnun fyrirtækis eignast Háskólinn og/eða Landspítali eignarhlut í fyrirtækinu gegn framsali á þeirri uppfinningu/nýjung sem stofnanirnar hefðu annars getað gert kröfu til. Stofnanirnar hafa ekki lagt fram fjármagn við stofnun fyrirtækjanna né tekið þátt í hlutafjárukningu þeirra.

Hugverkanefnd hefur haft aðkomu að ákvörðun eignarhluta Háskóla Íslands og/eða Landspítala í tíu fyrirtækjum. Þetta eru fyrirtækin Oxymap, Akthelia, Oculis, Lipid Pharmaceuticals, Risk, Þróunarfélagið Stika, Hugarheill, iMonIT, Marsýn og nú síðast Fiix greining sem stofnað var árið 2013.

Í lok árs var vann skrifstofa rektors og Hugverkanefnd að því að kynna tvö fyrirtæki fyrir erlendum fjárfesti.



Önnur verkefni

Hugverkanefnd sinni einnig öðrum verkefnum á árinu, sem fjallað er um hér að neðan. Þessi verkefni miða fyrst og fremst að því að styrkja innviði Hugverkanefndar og samstarf nefndarinnar við aðrar tækniyfirfærsluskrifstofur.

Fræðslu- og kynningarmál

Leggja þarf áherslu á vitundarvakningu innan Háskólans og Landspítala um hagnýtingu rannsókna, bæði meðal starfsmanna og nemenda, auk þess að kynna hlutverk Hugverkanefndar.

Í febrúar 2014 fundaði Mark Bloom, yfirmaður tækniyfirfærsluskrifstofu Bigelow Laboratory með formanni og starfsmönnum Hugverkanefndar ásamt starfsmönnum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, þar sem rædd var tækniyfirfærsla og möguleikar í samstarfi.

Í mars gekkst ritari Hugverkanefndar fyrir kynningu fyrir starfsmenn á Keldum um Hugverkanefnd og einkaleyfaferlið.

Ritari Hugverkanefndar og Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs sóttu fund Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um jafningjamat ERAC á vísinda- og nýsköpunarkerfinu á Íslandi í apríl og gerðu þar grein fyrir stöðu og hlutverki Háskóla Íslands og Hugverkanefndar.

Formaður og ritari Hugverkanefndar funduðu í september með Nýsköpunarmiðstöð þar sem rætt var um fjárfestaumhverfið hér á landi og hvernig Nýsköpunarmiðstöð gæti aðstoðað starfsmenn sem leita til nefndarinnar.

Þá kynnti ritari ásamt formanni og Torfa Magnússyni, nefndarmanni, starf Hugverkanefndar í október fyrir vísinda- og menntasviði Landspítala.

Ritari gekkst einnig fyrir kynningu í október fyrir Tómas Þorvaldsson, hdl. sem tók sæti í háskólaráði á árinu. Í nóvember flutti ritari kynningu á starfi Hugverkanefndar fyrir rektor og miðlæga stjórnslu Háskólans og um breyttar áherslur í Horizon 2020 fyrir rannsóknastjóra Háskóla Íslands.

Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO), í samstarfi við Háskóla Íslands og Einkaleyfastofuna, stóðu fyrir ráðstefnu um „Patent Awareness and Technology Transfer“ í lok nóvember. Tilgangur ráðstefnunnar var að vekja athygli á mikilvægi hugverkaréttar við hagnýtingu rannsókna og hvetja til umræðu um gildi nýsköpunar fyrir íslenskt samfélag. Ritari Hugverkanefndar sá um skipulag ráðstefnunnar í samvinnu við Ástu Valdimarsdóttir, framkvæmdastjóra hjá WIPO.

Ritari Hugverkanefndar var í september skipuð af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í vinnuhóp um hugverkastefnu fyrir Ísland. Í nóvember fundaði stýrihópurinn ásamt ritara og fulltrúum frá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) um fyrirhugaða vinnu hópsins.

Í lok árs hófst vinna við að þýða vefsíðu Hugverkanefndar, www.hugverkanefnd.hi.is yfir á ensku en á síðunni má finna upplýsingar um hlutverk nefndarinnar, verkefni, sprotafyrirtæki, samstarfsaðila o.fl.



Samstarf

Samstarf Hugverkanefndar við aðrar tækniyfirfærsluskristofur, stofnanir og samtök er mikilvægur liður í að bæta þjónustu við starfsmenn og nemendur Háskóla Íslands og Landspítala auk þess að stuðla að aukinni hagnýtingu rannsókna og vitund um hugverkarétt.

NORTTH samstarfið

Árið 2012 hófst formlegt samstarf tækniyfirfærsluskristofa á Norðurlöndunum á sviði heilbrigðisvísinda undir nafninu NORTTH og er Hugverkanefnd aðili að því samstarfi. Til að koma á þessu samstarfi fékk samstarfshópurinn styrk frá Norrænu ráðherranefndinni og rann sá styrkur út í lok árs 2013. Samstarfið er nú fjármagnað að fullu af samstarfsaðilunum. Tækniyfirfærsluskristofan í Bergen hefur tekið að sér skipulagningu funda og umsjón með samstarfinu. Haldinn var einn fundur með fjárfestum í Svíþjóð þar sem einkaleyfi tengd krabbameini voru kynnt, einnig voru fundir haldnir í tengslum við ársfund ASTPProton og annar í tengslum við Nordic Life Science Day. Sigurður Guðmundsson, starfsmaður Hugverkanefndar sótti fundinn sem haldinn var í tengslum við ársfund ASTPProton. Fyrirhugað er að halda næsta fund í janúar 2015 hjá tækniyfirfærsluskristofu Kaupmannahafnarháskóla en aðrir fundir verða tengdir viðburðum sem margir samstarfsaðilar sækja hvort sem er.

Samstarf við tækniyfirfærsluskristofu Karolinska Institutet

Árið 2012 var undirritað samkomulag um samstarf á milli Hugverkanefndar og tækniyfirfærsluskristofu Karolinsku stofnunarinnar um hagnýtingu hugverka og rannsókna. Árið 2013 heimsóttu starfsmenn Hugverkanefndar, ásamt Sveinbirni Gizurarsyni, skrifstofuna og kynntu verkefni nefndarinnar. Á grundvelli þessa fundar eru Hugverkanefnd og Sveinbjörn Gizurarson nú í viðræðum við sænskan fjárfesti sem sýnt hefur verkefninu „nýr frásogshvati“ áhuga. Tækniyfirfærsluskristofa Karolinska er samstarfsaðili NORTTH.

Samstarf við tækniyfirfærsluskristofu Árósháskóla

Ritari Hugverkanefndar fékk Erasmus styrk til að heimsækja tækniyfirfærsluskristofu Árósháskóla um mánaðarmótin september og október. Heimsóknin var mjög fræðandi og gagnleg en tækniyfirfærsluskristofan hefur mikla reynslu af stofnun sprotafyrirtækja, leyfissamningum og hagnýtingu. Einnig hefur skrifstofan þróað skýrt verklag sem gagnlegt getur verið fyrir Hugverkanefnd að innleiða. Til skoðunar er að gera samstarfssamning milli stofnananna. Tækniyfirfærsluskristofan í Árósháskóla er samstarfsaðili NORTTH.

Fjármál

ASTP (Association of European Science & Technology Transfer Professionals)

Ritari og starfsmaður Hugverkanefndar eru aðilar að samtökum Evrópskra vísinda- og tæknifyrfærslusérfræðinga. Í maí sótti starfsmaður Hugverkanefndar árlega ráðstefnu samtakanna í Osló. Á ráðstefnunni voru áhugaverðir fyrirlestrar er tengjast störfum tæknifyrfærsluskristofa. Tæknigarður greiddi kostnað við ferðina.

Samstarf við Einkaleyfastofuna – Upplýsingasetur um einkaleyfi

Vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands og Hugverkanefnd starfrækja Upplýsingasetur um einkaleyfi í samstarfi við Einkaleyfastofuna. Hlutverk upplýsingasetursins er að veita almennar upplýsingar um einkaleyfi og önnur hugverkaréttindi. Setrið er hluti af evrópsku neti upplýsingasetra um einkaleyfi (PATLIB) en netið samanstendur af rúmlega 250 upplýsingasetrum um alla Evrópu. Ritari Hugverkanefndar sótti og aðstoðaði við fundarstjórn á árlegri PATLIB ráðstefnu hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) sem haldin var í Istanbúl í Tyrklandi í maí og var kostnaður við ferðina greiddur af Einkaleyfastofunni.



Á árinu voru skilgreind tvö verkefnisnúmer fyrir Hugverkanefnd og rekstur nefndarinnar. Á annað númerið er færður kostnaður við starf nefndarinnar, þ.e. laun nefndarmanna, fundarkostnaður og annar tilfallandi kostnaður, t.d. við hönnun lógós. Á hitt númerið er færður kostnaður við verkefni nefndarinnar en undir það fellur m.a. kostnaður við einkaleyfi og sérfræðiþjónustu. Laun starfsmanna Hugverkanefndar eru greidd af verkefnisnúmeri vísinda- og nýsköpunarsviðs.

Fyrirkomulag við fjármögnun Hugverkanefndar hefur undanfarin ár verið með þeim hætti að Háskóli Íslands greiðir 2/3 og Landspítali 1/3 af kostnaði nefndarinnar.

Rekstrarkostnaður Hugverkanefndar á árinu var áþekkur kostnaðinum árið 2013 ef frá er talinn ferða- og dvalakostnaður sem er nú greiddur af verkefnisnúmeri vísinda- og nýsköpunarsviðs, þ.m.t. ferð starfsmanns nefndarinnar til Brussel í október.

Hugverkanefnd fær tekjur af einum leyfissamningi og áttu þær að berast í lok árs. Gert er ráð fyrir að þær berist í byrjun árs 2015.

Upplýsingar um rekstur Hugverkanefndar á árinu 2014 má sjá hér að neðan.

Rekstrargjöld

Laun- og launatengd gjöld	432.854 kr.
Fundargjöld	47.750 kr.
Auglýsinga- og prentþjónusta	23.245 kr.
Einkaleyfakostnaður	2.655.480 kr.
Sérfræðiþjónusta	147.720 kr.
	3.307.049 kr.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVERKANEFND